

## 3. gr.

75

Stofnfé sjóðsins er um kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur — og er lagt inn í 16. maí  
Söfnunarsjóð Íslands.

Upphæðin skal ávaxtast í sjóðnum unz hún er orðin 100000.00 — eitt hundrað  
þúsund krónur —, þá hefst úthlutun úr sjóðnum og skal ávallt úthluta útborguðum  
vöxtum.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma,  
svo og gjafir eða áheit, sem honum kann að áskotnast.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja líknarstarfsemi í héraðshreppum Norður-Múla-  
sýslu, með því að hjálpa fátæku fólki, sem verður fyrir slysum eða heilsuleysi.

## 6. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps annast reikningshald og vörzlu sjóðsins undir yfirum-  
sjón sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

Sveitarstjórn kýs 2 menn til að annast úthlutun úr sjóðnum, þegar þar að  
kemur, en þriðji maður skal vera héraðslæknirinn í Egilsstaðalæknishéraði vestra.  
Að öðru jöfnu sitja Fellamenn fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

## 7. gr.

Að 50 árum liðnum skal endurskoða skipulagsskrá þessa. Má þá verja vöxtum  
að einhverju eða öllu leyti til annarrar góðgerðastarfsemi, sem kröfur tímans teldu  
þá meira aðkallandi.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild  
Stjórnartíðinda.

## REGLUGERÐ

76

um breyting á reglugerð nr. 66 24. apríl 1957, um breyting á reglugerð nr. 87  
15. júní 1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins. 19. maí

## 1. gr.

Á eftir b-lið í 1. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður svo hljóðandi:

c. Þeir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár, skulu  
fá orlof í 1½ virkan dag fyrir hvern mánuð, sem þeir hafa starfað hjá ríkinu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur  
starfsmanna ríkisins og lögum nr. 14/1957, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*